

SAMKOMULAG

Aðildarsveitarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesgera með sér eftirfarandi samkomulag um að vinna saman að tilraunaverkefni um sameiginlegar bakvaktir í barnaverndarmálum.

1. gr. Sameiginlegar bakvaktir

Sveitarfélögin eru sammála um að standa saman að framkvæmd sameignlegra bakvakta í barnaverndarmálum í tilraunaskyni tímabilið 1. janúar til 31. desember 2014. Stýrihópur, skipaður einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi, mun útbúa verklag og nánari skilgreiningar fyrir bakvaktir. Stýrihópurinn mun jafnframt fylgjast með framvindu verkefnisins og skila áfangaskýrslu í lok tímabilsins.

2. gr. Fyrirkomulag bakvakta

Fyrirkomulag bakvakta skal vera með þeim hætti að tvær bakvaktir skulu starfræktar á svæðinusem vinna eftir samræmdu vinnulagi. Svæðið skiptast í samræmi við landfræðilega skiptingu í norður og suður svæði.

Að norðursvæðinu standa sveitarfélögin: Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær

Að suðursvæðinu standa sveitarfélögin: Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður.

Sveitarfélögin skuldbinda sig til þessað starfrækja bakvakt á virkum dögum og um helgar og á öðrum almennum frídögum frá skrifstofutíma loknum til opunar skrifstofu næsta virka dag.

Norðursvæðið annars vegar og suðursvæðið hins vegar skulu gera með sér samkomulag um nánari útfærslu á framkvæmd og skipulagi bakvakta.

3. gr. Starfsmenn

Starfsmenn sveitarfélaganna sem starfa að barnaverndarmálum, sbr. 14. gr. barnaverndarlaga skulu annast bakvaktir. Starfsmenn skulu fá laun vegna bakvakta frá því sveitarfélagi sem þeir starfa fyrir. Starfsmenn sem sinna bakvöktum frá greitt skv. kjarasamningum fyrir þær stundir sem þeir eru á bakvöktum. Sérstaklega er greitt fyrir útköll og um frítökurétt fer eftir kjarasamningum.

4. Umboð barnaverndarnefnda til starfsmanna

Með vísan til 2. og 3. mgr. 14.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skulu barnaverndarnefndir í hverju aðildarsveitarfélaganna veita starfsmönnum hins/hinna sveitarfélaganna í umdæminu umboð til þess að sinna tilteknum lögbundnum skyldum nefndarinnar samkvæmt barnaverndarlögum sem kveðið er á um í sérstöku umboði.

G. M. J. 05 2014

5. gr. Kostnaður

Um kostnað vegna þátttöku sveitarfélaganna í verkefninu fer samkvæmt tillögu starfshóps á vegum SSH frá febrúar 2013 merkt nr 3 á bls. 4 þannig að fastur kostnaður greiðist í samræmi við vikufjölda sem hvert sveitarfélag sinnir bakvakt. Tillagan felur í sér að sveitarfélögin skipti kostnaði í hlutfalli við áætlaða útkallafjölda sem tók mið af fjölda útkalla í Reykjavík á tímabilið júní til desember 2012. Reynist hlutfall útkalla ekki í samræmi við það gera sveitarfélögin með sér samkomulag um leiðréttingu í formi greiðslna eftir tillögu frá stýrihópi.

6. gr. Samvinna milli svæða

Starfsmenn suður- og norður svæðisins starfa eftir handbók sem hefur að geyma samræmt verklag fyrir bakvaktarstarfsmenn. Tveir samráðsfundir skulu haldnir á tilraunatímabilinu þar sem verklag verður yfirfarið og starfsmenn deila með sér reynslu af verkefninu, í apríl og september 2014.


7. gr. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningur um framkvæmd bakvakta, kostnaðarskiptingu eða annað skal hópur þriggja einstaklinga sem skipaður er þannig; einn tilnefndur af suðursvæðinu, einn af norðursvæðinu og einn tilnefndur af SSH, skera úr um ágreiningsefnið.

8. gr. Gildistaka og endurmat


Samkomulag þetta byggir á samþykkt stjórnar SSH þann 4. mars 2013, borgarráðs Reykjavíkur þann 21. maí 2013, bæjarráðs Kópavogs þann 19. desember 2013, fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 22. mars 2013, bæjarráðs Garðabæjar þann 12. mars 2013, bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 14. mars 2013 og bærstjórnar Seltjarnarness þann 30. október 2013 og tekur gildi þann 1. janúar 2014.

Tilraunaverkefni þetta skal vara tímabilið 1. janúar til 31. desember 2014. Fyrir lok þess tíma skal árangur samstarfsins metinn af óháðum úttektar aðila sem aðilar koma sér saman um, stefnt skal að þeirri vinnu verði lokið fyrir 1. október 2014.




f.h. Reykjavíkurborgar


Kópavogi 6. janúar 2014



f.h. Kópavogsbæjar



f.h. Hafnarfjarðarbæjar



f.h. Garðabæjar



f.h. Seltjarnarness



f.h. Mosfellsbæjar